

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348/1979 skv. lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Innheimta skal við tollafgreiðslu sérstakt gjald af innfluttu kjarnfóðri.

Gjaldið skal vera 200% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar á innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	úr	11-02-29	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	blandað	hænsnakorn	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	17-03-01		23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-10		23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22	23-02-20		23-04-40	23-06-00
10-05-00	11-02-21	23-02-30		23-04-50	23-07-00

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni, steinefnablöndur og gæludýrafóður í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna.

Endurgreiða skal gjald, sem tekið hefur verið af fóðri, sem fer til loðdýraræktar og fiskeldis, og korni, sem ekki er notað sem skepnufóður, en flokkast skv. fyrrnefndum tollskrárnúmerum skv. reglum, sem framleiðsluráð setur.

Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir bústærð í einstökum landshlutum. Endurgreiðslan skal þó að jafnaði innan þeirra marka, að niðurgreiðslur erlendis hafi ekki áhrif á söluverð á kjarnfóðri innanlands.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri, innheimta gjaldið við innflutning.

Innflytjendum skal veittur allt að þriggja mánaða gjaldfrestur á greiðslu gjaldsins, óski þeir þess, gegn útgáfu skuldarviðurkenningar og sjálfskuldarábyrgðar banka. Ef sérstakir erfiðleikar steðja að, t. d. vegna náttúruhamfara, getur framleiðsluráðið ákveðið að veita lengri gjaldfrest.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari varðandi vöruflokkun, innheimtu o. fl., skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði laga nr. 120/1966 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Þeir aðilar, sem versla með kjarnfóður í smásölu, skulu mánaðarlega senda skýrslu til framleiðsluráðs um kjarnfóðurkaup og sölu hvers mánaðar.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Gjald samkvæmt 3. gr. tekur einnig til birgða kjarnfóðurs, sem til er hjá innflytjendum og smásöluaðilum þann 24. júní 1980. Aðilar þessir skulu innan 10 daga gera innheimtumanni skil á gjaldinu ásamt yfirliti um útreikning þess og eru skyldir til að aðstoða við könnun birgða, óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar. Skal þeim gefinn kostur á sömu greiðslukjörum og innflytjendum skv. ákv. 7. mgr. 3. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera skil á innheimtu kjarnfóðursgjalds sam-

kvæmt reglugerð þessari, eftir fyrirmælum þeim, sem fjármálaráðuneytið hefur sett um skil innflutningsgjalda sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975.

Þeir, sem framleiða fóðurmjöl innanlands, skulu senda framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal þar tilgreint hverjir hafa keypt vöruna, heildarsölumagn til hvers kaupanda og einingarverð.

Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega taka ákvörðun um gjald á innflutt kjarnfóður.

Framleiðsluráð skal leita staðfestingar landbúnaðarráðherra á ákvörðunum þessum.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr, verði ágreiningur um gjaldskyldu og framkvæmd reglugerðarinnar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 15 18. apríl 1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., sbr. lög nr. 63 23. júní 1980 um breytingu þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júní 1980.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.